

Reykjavík, 10 maí 2024

Til: Umhverfis- og skipulagsráðs

Vísað er til fyrirspurnar Sjálfstæðisflokksins um saltgeymslur dagsetta 30.nóvember 2022 (USK22120011). Fyrirspurning er svohljóðandi „Löggð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um saltgeymslur, sbr. 28. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 30. nóvember 2022. Um áratuga skeið hafa saltgeymslur Reykjavíkurborgar staðið við Þórðarhöfða. Staðsetningin er miðsvæðis og því til þess fallin að lágmarka akstur vegna hinnar umfangsmiklu saltdreifingar, sem fer fram á götum borgarinnar á vetri hverjum. Nú er fyrirhugað að loka umræddum saltgeymslum. Óskað er eftir upplýsingum um framtíðarfyrirkomulag saltgeymslu og saltdreifingar í borginni. Verða nýjar saltgeymslur einnig staðsettar miðsvæðis í því skyni að halda akstri vegna saltdreifingar í lágmarki og stuðla þannig að því að hún verði bæði hagkvæm og umhverfisvæn? Hvernig verður núverandi húsnæði og lóð við Þórðarhöfða ráðstafað? Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlands.“

Síðustu misseri hefur verið vinna í gangi við að finna nýja lóð fyrir þjónustumiðstöð borgarlandsins við Stórhöfða í ljósi þeirrar staðreyndar að uppbygging á nýrri byggð er hafin á Ártúnshöfða. Í þeirri vinnu er leitast við að finna lóð sem hentar starfseminni en þar mun ný saltgeymsla verða staðsett. Í vali á lóð verður litið til miðlægni og hvers eðlis þjónustan er t.d. er varðar vetrarþjónustu. Niðurstaða er ekki komin í þessa vinnu.

Það er ekki hlutverk skrifstofu borgarlandsins að fjalla um nýtingu núverandi húsnæðis og lóð við Þórðarhöfða í þróun byggðarinnar heldur skipulagsyfirvalda og eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar á Fjármála- og eignastýringarsviði.

Að öðru leyti er vísað til umsagnar um sambærilegt mál til umhverfis- og skipulagsráðs dagsetta 21. mars 2023 (US220054).

Virðingarfyllt,

Hjalti J. Guðmundsson

Skrifstofustjóri borgarlandsins